

AUGLÝSING

um leiðbeiningar um álit um stöðu sveitarfélags skv. b-lið 2. mgr. 4. gr. a sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

1. gr.

Markmið leiðbeininga þessara er að veita leiðsögn um þau atriði sem fram þurfa að koma í álit um stöðu sveitarfélags með íbúafjölda undir viðmiði sveitarstjórnarlaga, getu þess til að sinna lögbundnum verkefnum og um þau tækifæri sem felast í mögulegum kostum sameiningar sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög, sbr. b-lið 2. mgr. 4. gr. a sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

2. gr.

Þau atriði sem fram skulu koma í álit sveitarfélags skv. 1. gr. eru:

- A. Eftirfarandi upplýsingar og greining á stöðu sveitarfélags:
1. Íbúasamsetning, horfur sveitarfélags hvað varðar fjölgun/fækkun íbúa til ársins 2040 og hverjir veigamestu áhrifaþættirnir eru í þeirri þróun.
 2. Atvinnulíf, fjöldi starfa, upplýsingar um atvinnuleysi, laus störf, áform um uppbyggingu eða fjölgun starfa til ársins 2040.
 3. Húsnæðismál, framboð, eftirspurn og fyrirhuguð áform um byggingu til ársins 2040.
 4. Almenn einkenni og áherslur, samfélagsleg sérstaða og landfræðileg sérstaða, t.a.m. náttúruvá, auðlindir o.s.frv.
- B. Eftirfarandi fjárhagsleg viðmið vegna áranna 2019, 2020, 2021, útkomuspá fyrir 2022 og áætlun fyrir árin 2023, 2024 og 2025:
1. Skuldaviðmið sveitarfélagsins.
 2. Skuldahlutfall sveitarfélagsins.
 3. Framlegð sveitarfélagsins.
 4. Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins.
 5. Veltufé frá rekstri.
 6. Fjárfestingar.
 7. Heildartekjur úr rekstrarreikningi og hlutfall framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í heildartekjum.
 8. Heildarútgjöld.
 9. Rekstrarniðurstaða.
 10. Tekjur á hvern íbúa.
 11. Útgjöld á hvern íbúa.
 12. Hlutfall gjalda í helstu málaflokkum sveitarfélagsins.
- C. Veita skal upplýsingar um hvernig eftirfarandi lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins er háttað, hvort þau séu unnin af hálfu sveitarfélagsins eða í samvinnu við annað eða önnur sveitarfélög, hvaða áhrif sveitarfélagið hefur á framkvæmd verkefnisins eða þjónustu þegar reksturinn hefur verið falinn öðru sveitarfélagi og hvort sameining sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög feli í sér tækifæri til umbóta:
1. Félagsþjónusta.
 2. Fjárhagsaðstoð.
 3. Félagsleg ráðgjöf.
 4. Málefni aldraðra.
 5. Málefni fólks með fötlun.
 6. Stuðningsþjónusta.
 7. Vímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivanda.
 8. Aðstoð við erlenda ríkisborgara.
 9. Túlkaþjónusta.
 10. Jafnréttismál.
 11. Lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála.

12. Sérstakur húsnæðisstuðningur.
 13. Leikskólar.
 14. Fræðsluskrifstofa.
 15. Grunnskólar.
 16. Frístundaheimili.
 17. Málefni barna og ungmenna.
 18. Þjónusta við unglinga.
 19. Æskulýðsmál.
 20. Almenningsbókasöfn.
 21. Fasteignamat.
 22. Eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar.
 23. Eignaskiptayfirlýsingar.
 24. Framkvæmd umhverfismats.
 25. Skipulagsmál.
 26. Verndarsvæði í byggð.
 27. Samráð við félög í frístundabyggð.
 28. Almanavarnir.
 29. Brunavarnir og brunamál.
 30. Sjóvarnir.
 31. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum.
 32. Söfnun og meðferð úrgangs og sorps.
 33. Landgræðsla.
 34. Heilbrigðiseftirlit.
 35. Dýravernd og dýravelferð.
 36. Meindýraeyðing og dýraeftirlit.
 37. Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma.
 38. Fjallskil.
 39. Fráveitur.
 40. Vatnsveitur.
 41. Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar.
 42. Mengunarvarnir.
 43. Gatnagerð.
 44. Lagning og viðhald vega og stíga.
- D. Fjallað skal um hvernig framkvæmd verkefna sem sveitarfélögum er heimilt að sinna, en ekki skylt, er háttað, hvort þeim er sinnt af sveitarfélaginu eða í samvinnu við annað eða önnur sveitarfélög, hvaða áhrif sveitarfélagið hefur á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga og hvort sameining sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög feli í sér tækifæri á umræddum sviðum.
- Algeng verkefni af þessum toga eru eftirfarandi, en ekki tæmandi:
1. Almenningssamgöngur.
 2. Rekstur hitaveitu.
 3. Holræsamál.
 4. Menningarstyrkir.
 5. Rekstur safna.
 6. Rekstur náttúrustofu.
 7. Rekstur rafmagnsveitna.
 8. Rekstur dagdvalar fyrir aldraða.
 9. Rekstur tónlistarskóla.
 10. Frístundastyrkir.
 11. Frístundahús.
 12. Rekstur sundlauga.
 13. Kynningarstarfsemi.

14. Ferðamálaþjónusta.
 15. Rekstur íþróttamannvirkja.
 16. Íþróttþjónusta.
 17. Nýsköpunarstyrkir.
- E. Fjallað skal um með hvaða hætti sveitarfélagið tekur þátt í rekstri fyrirtækja.
- F. Fjallað skal um hvort sveitarfélagið hafi sett sér eftirfarandi lögbundnar stefnur, samþykktir eða reglur:
1. Jafnréttisáætlun.
 2. Lofslagsstefnu.
 3. Húsnæðisáætlun.
 4. Brunavarnaráætlun.
 5. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.
 6. Aðalskipulag.
 7. Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.
 8. Siðareglur.
 9. Reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar.
 10. Reglur um stuðningsþjónustu.
 11. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning.
 12. Viðbragðsáætlanir almannavarnarnefnda.
 13. Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í gróðaskyni.
 14. Reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum.
 15. Reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum.
 16. Samþykkt um stjórn og stjórnarsýslu sveitarfélagsins.
 17. Reglur um rétt erlendra íbúa til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á erlendri tungu.
 18. Málstefnu.
 19. Byggðastefnu.
- G. Fjallað skal um hvort að sveitarfélagið hafi skipað eftirfarandi lögbundnar nefndir sveitarfélagsins og hvernig verkefnum þeirra er sinnt ef þær eru ekki starfandi:
1. Almanna- og almannavarnarnefnd.
 2. Félagsmálanefnd.
 3. Jafnréttisnefnd.
 4. Kjörstjórn.
 5. Náttúruverndarnefnd.
 6. Nefnd um málefni leikskóla.
 7. Skipulagsnefnd.
 8. Skólanefnd.
 9. Stjórn almenningsbókasafns.
 10. Ungmennaráð.
 11. Öldungaráð.
- H. Fjallað skal um eftirfarandi atriði sem tengjast mögulegri sameiningu sveitarfélagsins við annað eða önnur sveitarfélög:
1. Hvaða sameiningakostir koma helst til greina.
 2. Hvaða tækifæri mun fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hafa í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna þeirra sameiningakosta sem koma til greina.
 3. Hvaða áskoranir þessir sameiningarkostir hafa í för með sér.
 4. Hvort sveitarfélagið hefur áður verið í viðræðum við annað eða önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu eða hvort slíkar viðræður séu fyrirhugaðar.
 5. Hugmyndir sveitarfélagsins um það stjórnskipulag sem getur komið til greina við myndun nýs sveitarfélags.

6. Mat á þeim tækifærum sem sameiningarkostir hafa í för með sér í tengslum við uppbyggingu þjónustu, fjölbreyttari atvinnutækifæri, aukinn félagsauð, öflugri stjórnsýslu og aðra mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins.
7. Mat á því hvort sameining við annað eða önnur sveitarfélög hafi í för með sér tækifæri til hagræðingar og þeim umbótatækifærum innan sveitarfélagsins sem slík hagræðing geti haft í för með sér.
8. Upplýsingar um hvaða lýðfræðilegu veikleikar eða styrkleikar felast í þeim sameiningarkostum sem koma til greina.

3. gr.

Leiðbeiningar þessar eru settar samkvæmt 3. mgr. 4. gr. a, sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Innviðaráðuneytinu, 13. júní 2022.

F. h. r.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

Aðalsteinn Þorsteinsson.

B-deild – Útgáfudagur: 30. júní 2022